

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 29. fundar verkefnahóps BsVest haldinn miðvikudag í síma 10. apríl 2013 kl. 9.00

Mætt voru Guðný Magnúsdóttir, Harpa Stefánsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

Aðalsteinn setti fundinn og tilgreindi að fundurinn væri haldinn í fjarveru Arnheiðar Jónsdóttur, en hún væri forfölluð af persónulegum ástæðum. Upphaflega átti fundurinn að vera haldinn á Patreksfirði þann 8. apríl s.l. en af þegar tilgreindum ástæðum hefði honum verið breytt í símafund.

Aðalsteinn gerði að tillögu að hann stjórnaði fundinum, tillagan samþykkt.

Aðalsteinn gerði tillögu að breytingu á boðaðri dagskrá um að dagskrárlið um NPA, umræða og vinna að reglum yrði frestað. Tillagan samþykkt.

Aðalsteinn kynnti að sennilega væri Elsa Reimarsdóttir forfölluð vegna veikinda og Harpa Stefánsdóttir, sæti fundinn í veikindaforföllum Margrétar Geirsdóttur.

1) Fjárhagsáætlanir og rekstur á þjónustuvæðunum.

Lagðar fram fundargerðir stjórnar BsVest frá 4. apríl s.l. og fundargerð samráðsfundar sveitarfélaga og stjórnar BsVest frá 26. febrúar s.l..

a. Umsýslukostnaður

Með vísan til fundargerðar stjórnar BsVest, skal í fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, reikna 3 % umsjónargjald ofan á samþykktar fjárhagsáætlun hvers félagsþjónustuvæðis. Samræma þarf hvaða rekstarliðir falla undir umsjónargjald, samþykkt að vísa umræðu til næsta fundar verkefnahóps.

b. Kostnaður við stjórnun og ráðgjöf

Með vísan til fundargerðar stjórnar BsVest, skal við fjárhagsáætlunargerð hafa að viðmiði ákveðin launaflokk vegna stjórnunar og ráðgjafar með 10 % álagi. Samþykkt að vísa umræðu um málið til næsta fundar verkefnahóps.

c. Upplýsingagjöf frá félagsþjónustuvæðunum.

Samþykkt að fresta þessum lið.

2) Fyrirkomulag þar til nýr verkefnastjóri verður ráðin.

Aðalsteinn vísaði til samþykktar stjórnar BsVest frá 4. apríl s.l. um að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga um ráðningu nýs verkefnastjóra. Niðurstaðan væri að Sambandið gæfi almennt ekki slík álit og boðað hefði verið til fundar í stjórn BsVest nú síðar í dag til að fara yfir stöðu mála. Aðalsteinn kynnti að núverandi verkefnastjóra væri reiðubúin í þessu millibilsástandi að vinna að ákveðnum málum með verkefnahópi, en ræða yrði nánari útfærslu á því fyrirkomulagi.

3) Önnur mál.

Spurst fyrir um breytingar í búsetumálum í Ísafjarðarbæ.

Kynnt að Elsa Reimarsdóttir hefði ekki komist á fundinn vegna veikinda.

Boðað verði til nýs fundar við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9.30.

Aðalsteinn Óskarsson.